

120. Stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða 3. janúar, 2023 kl. 12 í Faktorshúsi í Neðstakaupstað.

Viðstaddir eru: Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Bragi Thoroddsen, sveitastjóri Súðavíkurhrepps, Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1. Safnastefna 2023-2028**
 - Stefnan rædd og hún samþykkt
- 2. Húsnæðismál bátanna**
 - Brýnt að leysa úr þeim málum, finna verður lausn á árinu til að koma þeim undir þak.
 - Málið rætt en engin lausn er í sjónmáli eins og er.
- 3. Vefnaður Guðrúnar Vigfúsdóttur**
 - Eyrún Ísfold Gísladóttir hafði samband fyrir jól og vill gefa okkur safn Guðrúnar.
 - Stjórnin samþykkti að taka við gjöfinni.
- 4. Eljan frá Nesi**
 - Áætlun hljóðar upp á 2,5m samanber meðfylgjandi skjal. Eigum 900.000 og vilyrði fyrir 500.000. Sótt verður um auka styrk í Minjasjóð til að hægt verði að ljúka verkinu og koma henni á flot í vor.
- 5. Sumarið 2023**
 - Opnunartími áætlaður 15. maí – 31. ágúst kl. 10-17 alla daga, staðan tekin þegar nær dregur maí hvort opnað er fyrr og lokað seinna.
 - Áætlum sama opnunartíma á Þingeyri, miðvikud.-sunnudags kl. 10-14 en meta þarf stöðuna þegar nær dregur sumri.
- 6. María Júlía**
 - Ekkert gerst í málefnum MJ
- 7. Önnur mál**
 - Gerð greini fyrir jólasýningu, opið var 2 helgar og einn fimmtudag – mjög vel sótt og margar skólaheimsóknir.

Fundi slitið kl. 13

